

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

50. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 14. október 2015 í Borgartúni 21 og hófst hann kl. 08:30.

Fundinn sátu: Ólafur Loftsson, Rósa Ingvarsdóttir og Ingibjörg Úlfarsdóttir af hálfu KÍ, af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Guðbjörg Ragnarsdóttir boðaði forföll.

Þá var gengið til dagskrár:

1. **Telst greiningarvinna, s.s. LOGOS próf, til kennsluþáttar þannig að það þurfi ávallt að greiða sérstaklega fyrir hana ef kennari kennir 24 – 28 kennslustundir?**

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála um að óska eftir áliti verkefnisstjórnar um vinnumat vegna málsins. Afgreiðslu er frestað til næsta fundar.

2. **Er tími sem ætlaður er í frímínútur undir verkstjórn skólastjóra og hvernig er heimilt að ráðstafa tímanum þegar frímínútur eru ekki hluti af skipulögðu skólastarfi? – 1510159SA**

**Niðurstaða:**

Málið rætt – afgreiðslu frestað.

3. **Önnur mál**

a. Rætt um lengd tímabils sem lagt er til grundvallar talningu veikindadaga í lengdu fæðingarorlofi og launalausis leyfi. Málið rætt og afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

b. Rætt um hvernig aðilar vilja leggja upp viðræðuáætlun vegna kjarasamningsgerðar vorið 2016.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.